

Dags eftirlits	23.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	ArcticLAS ehf. (rottur)	Eftirlitsmaður	Rakel Kristjánsdóttir
Heimili	Krókháls 5d	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5503881389	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis		ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrsta eftirlit með leyfi ArcticLAS til innflutnings og ræktunar á 60 erfðabreyttum tilraunarottum sem gefið var út 29. ágúst sl. Engin frávik komu fram frá leyfinu.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- 1.2 - Umfang Starfseminnar
- 1.4 - Breyting á rekstri
- 1.5 - Gangsetning og stöðvun rekstrar
- 2.1 - Skráning úrgangs
- 2.2 - Meðhöndlun úrgangs og spilliefna
- 2.3 - Afmörkunarráðstafanir
- 3.1 - Öryggisráðstafanir
- 3.2 - Vinnudagbók
- 4.1 - Samskipti
- 4.2 - Áhættumat og neyðaráætlun


Rekstraraðili hefur heimild til að flytja inn og rækta allt að 60 erfðabreyttar tilraunarottur á ári með mismunandi erfðabreytingar. Heimilt er að rækta þau rottuafbrigði sem flokkast í afmörkunarflokk 2 skv. viðauka 2 í reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera. Einnig hefur rekstraraðili heimild til að flytja inn og geyma fósturvísa úr erfðabreyttum rottustofnum sömu tegundar með viðurkenndum aðferðum. Fyrstu rotturnar voru fluttar inn föstudaginn 20. des sl. Farið var yfir tilkynningaskyldu vegna breytinga, gangsetningar og stöðvunar á rekstri skv. gr. 1.4 og 1.5.

Þar sem aðstaða er sú sama og með leyfi ArcticLAS með erfðabreyttum músum var farið yfir úrgangsskráningu frá því leyfi. Sömu afmörkunar- og öryggisráðstafanir eru til staðar ásamt áhættumati og neyðaráætlun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.01.2020


Einar Halldórsson